



Framkvæmda- fréttir 16. tbl. /08



Héðinsfjörður. Mynd tekin fyrir ofan eystri gangamunna vestur yfir dalinn. Vestari gangamunni blasir við. Á hægri hönd má sjá í Héðinsfjarðarvatn, enn ísi lagt. Sjá stöðu framkvæmda á bls. 2. Mynd: Björn A. Harðarson.

H-dagurinn 40 ára, sýning hjá Vegagerðinni

Jakob Hálfðanarson minjavörður hjá Vegagerðinni frumsýndi áður ósýndar kvikmyndir frá árinu 1968 við opnun sýningar í húsakynnum Vegagerðarinnar í tilefni 40 ára afmælis H-dagsins 26. maí. Sýningin er öllum opin.

Pennan dag fyrir 40 árum var skipt úr vinstri umferð í hægri umferð. Sú framkvæmd heppnaðist svo vel að hún féll nánast í gleysku fyrir vikið, en á það benti Jón Birgir Jónsson

við opnun sýningarinnar en hann kom að þessum viðmiklu breytingum fyrir hönd Vegagerðarinnar fyrir 40 árum. Þau voru ansi mörg skiltin sem þurfti að færa nóttina fyrir 26. maí 1968.

Á sýningunni sem er á stigagangi Borgartúns 7 má m.a. sjá kvikmynd Jakobs. Hún er tekin á nokkrum stöðum með sama sjónarhorn í vinstri og hægri umferð árið 1968 og sama sjónarhorn í dag. Kvikmyndin er í lit. Jakob benti á við opnuna að það væru eiginlega meiri munur á trjágróðrinum en á götunum.

Jón Birgir lýsti aðdraganda verkefnisins, meðal annars því að deilur stóðu um málið framan af en þegar að Svíar skiptu

Framkvæmdir 2008, Suðursvæði
sjá kort bls. 4-5

Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 16. tbl. 16. árg. nr. 501 2. júní 2008

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**
Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðs-
framkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt,
útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum
og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni
sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til
verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og
fjölmólar. Áskrift er endurgjaldslaus.



H-dagurinn, Hreinn Haraldsson vegamálastjóri, Óli H. Þórðarson, Jakob Hálfðánarson minjavörður og Jón Birgir Jónsson.

yfir árið 1967 var fljótlega ákveðið að fara sömu leið.

Jón Birgir sagði: „H-verkefnið var mjög spennandi þó það væri í raun ekki stórt verkefni. Mörg önnur verkefni sem Vegagerðin var að vinna að á þessum tíma voru bæði stærri og tæknilega meira spennandi að vinna að eins og t.d.:

- Að leggja bundið slitlag austur fyrir fjall
- Bygging brúa yfir stærstu jökulfljót okkar t.d. Jökulsá á Breiðamerkursandi o.fl.
- Um þetta leiti var farið að hugsa í alvöru um að ljúka hringveginum og byggja brú yfir Skeiðará
- Jarðgöng um Stráka og Oddskarðsgöng sem þá þóttu

stórverkefni þó þau séu ekki stór miðað við þau jarðgöng sem eru gerð í dag.

En H-verkefnið fékk strax þjóðarthygli og allir fylgdust með því og auðvitað varð Vegagerðin að standa í stykkinu því margir voru hræddir um að eitthvað færi úrskeiðis og slysum myndi fjölga.

Sumt af því sem þurfti að gera fyrir H-dag mátti gera sumaríð áður, nokkuð á síðustu mánuðum áður en H-dagur rann upp og loks það sem varð að gera í síðustu viku og endanlega það sem varð að gera um nóttina þegar lokað var fyrir alla umferð í nokkra tíma aðfaranótt H-dagsins.

Sennilega væri unnt að fara mörgum orðum um þetta verkefni en þetta var allt vel undirbúið og margar hendur stóðu að þessu og má segja að allt hafi gengið vel upp. Þegar engin óhöpp verða og allt gengur vel bæði tæknilega og framkvæmdalega, tímaáætlanir standa og kostnaðaráætlanir einnig, þá vill það gleymast sem vel fer því oft situr betur í manni það sem aflaga hefur farið því þá er maður oft að hugsa um það sem betur hefði mátt fara.

Allt gekk vel, allir ánægðir og þá snýr maður sér að öðrum verkefnum sem nóg var af á þeim tíma og eru enn til staðar fyrir þá sem vinna að vegagerð.“

Héðinsfjarðargöng

Gröftur Héðinsfjarðarganga frá Héðinsfirði gekk vel í viku 21. Sprengdir voru 65 m og er heildarlengd ganga þeim megin frá um 137 m. Ólafsfjarðarmegin gekk mun hægar vegna bergþéttinga en þar voru sprengdir um 21 m og er heildarlengd ganga þeim megin frá um 3.175 m. Samtals er því búið að sprengja 6.952 m eða 65,7% af heildarlengd.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 26. maí. 2008. Sprengingum frá Siglufirði til Héðinsfjarðar lauk 21. mars 2008.



Illugastaðavegur (833), slitlagsendi – Illugastaðir
Sjá auglýsingu

Auglýsingar útboða

Illugastaðavegur (833), slitlagsendi – Illugastaðir 08-007

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbýggingu á um 9,4 km löngum kafla Illugastaðavegar (833) í Fnjóskadal, frá slitlagsenda að Illugastöðum.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	35.900 m ³
Neðra burðarlag	25.700 m ³
Efra burðarlag	14.000 m ³
Stálroraræsi	450 m
Tvöföld klæðing	63.000 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 1. júlí 2009.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Miðhúsavegi 1 á Akureyri, Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. júní 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 18. júní 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur – Kotvöllur 08-074

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð 3,8 km Vallarvegur, frá Fljótshlíðarvegi að Kotvöllum.


Helstu magntölur eru:

Skeringar	1.700 m ³
Fláafleygar	1.700 m ³
Neðra burðarlag	9.000 m ³
Efra burðarlag	3.400 m ³
Tvöföld klæðing	26.000 m ²
Frágangur fláa	25.200 m ²
Ræsi	108 m

Verkinu skal að fullu lokið 15. september 2008.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. júní 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 krónur.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 miðvikudaginn 18. júní 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Búið er að sprengja 137 m í Héðinsfirði og 3.175 m í Ólafsfirði. Samtals 6.952 m sem er 65,7 % af heildarlengd.



30 Skeiða- og Hrunamanna
Hvítárdalur - Foss
Nýbygging: 5,1 km
Útboð: september 2007
Verktaki: Borgarvirki ehf.
Verklok: október 2008

365 Lyngdalsheiðarvegur
Nýbygging: 15 km
Útboð: maí 2008
Verklok: 2010

359 Bræðratunguvegur
um Hvítá
Nýbygging: 7,4 km
ný brú á Hvítá
Útboð: október 2008
Verklok: 2010

3357 Heiðarbraut
Þjórsárdalsvegur – Gnúpverjavegur
Nýbygging
Útboð: júní 2008
Verklok: september 2008

32 Þjórsárdals-
vegur um Kálífa
Breikkun einbreiðrar brúar
Útboð: 2008

262 Vallarvegur
Fliótshlíðarvegur
– Kotvellir
Nýbygging: 4 km
Útboð: júní 2008
Verklok: september 2008

Vegir undir
246 Skálav
2288 Skógl
222 Mýrdal
Hringvegur
Nýbygging
Útboð: mar
Verktaki: F
Verklok: 20

249 Þórsmörkvegur
Gljúfurá – Merkurvegur
Nýbygging: 3,9 km
Útboð: desember 2007
Verktaki: Sigurjón Hjartarson,
Brjánsstöðum
Verklok: júlí 2008

264 Rangárvallavegur
Hringvegur – Minna-Hof
Nýbygging: 6 km
Útboð: október 2008
Verklok: 2009

Landeyjahöfn,
hafnar- og vegagerð
254 Bakkafjöruvegur
Hringvegur – Landeyjahöfn
Nýbygging: 11,8 km
Útboð: maí 2008
Boðið út með
Siglingamálastofnun

33 Gaulverja-
bæjarvegur
Félagslundur – Skipar
Nýbygging: 5,9 km
Útboð: mars 2007
Verklok: júlí 2008
Verktaki: Vörubílstjóra-
félagið Mjólnir, Selfossi

340 Auðsholtsgvegur
um Syðra-Langholt
Nýbygging: 1,6 km
Útboð: febrúar 2008
Verktaki: Nesity ehf.
Verklok: september 2008


268 Þingskálavegur
Rangárvallavegur – Heiði
Nýbygging: 5 km
Útboð: apríl 2008
Verktaki: Sigurjón Hjartarson,
Brjánsstöðum
Verklok: september 2008

427 Suðurstrandarvegur
Þorlákshöfn – Krýsuvíkurvegur
Nýbygging: 33 km
Útboð: sumar 2008
Verklok: 2011

427 Suðurstrandarvegur
Krýsuvíkurvegur - Ísólfsskáli
Nýbygging: 15 km
Útboð: haust 2008
Verklok: 2011

360 Grafningsvegur efrí
Ýrufoss – Útljótssvatn
Nýbygging: 2 km
Útboð: júní 2008
Verklok: september 2008

351 Búrfellsvegur
Biskupstungnabraut
– Klausturhólavegur
Nýbygging: 2,5 km
Útboð: mars 2008
Verktaki: Sigurjón Hjartarson,
Brjánsstöðum
Verklok: september 2008



204 Meðallandsvegur
 Fossar – Efri-Steinsmýri
 Nýbygging: 4,5 km
 Útboð: apríl 2008
 Verklök: september 2008

Eyjafjöllum:
 vegur
 ar
 sjökulsvegur
 – Ytri-Sólheimavegur
 samtals: 4,3 km
 s 2008
 ramrás ehf.
 08



Suðursvæði

Vegir	
	Vegir með bundnu slitlagi
	Vegir með malarslitlagi
	Mörk svæða

Framkvæmdir	
	Nýbyggingar, bundið slitlag
	Nýbyggingar, malarslitlag
	Yfirlagnir, viðhald á slitlagi eða seinna lag klæðningar
	Styrkingar eða festun burðarlags
	Styrkingar á malarvegi
	Viðhald á malarslitlagi

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar.

Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar.

Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
08-073 Grafningsvegur efri (360) um Úlfjótsvatn	08
08-066 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð, eftirlit	08
08-062 Kjósarskarðsvegur (48), Meðalfellsvegur - Þingvallavegur	08
08-060 Arnarnesvegur (411), Rjúpnavegur - Breiðholtsbraut, hönnun	08
08-057 Suðurstrandarvegur (427), Krísuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur, eftirlit	08
08-015 Strandavegur (643) í Bjarnarfirði	08
08-033 Hringvegur (1) um Hornafjarðarfjót	08
08-034 Rangárvallavegur (264), Hringvegur - Minna Hof	08
08-054 Hringvegur (1), Norðlingavað - Nesbraut	08
08-052 Reykjanesbraut (41), Kaldárselsvegur - Krýsuvíkurvegur	08
08-032 Bræðratunguvegur (359) um Hvítá	08
08-026 Reykjabraut (724), Hringvegur - Svínvetningabraut	08
08-025 Vatnsdalsvegur (722), Hof - Hjallaland	08
08-023 Vestfjarðavegur (60) um Hjarðardalsá	08
08-055 Reykjanesbraut (41), undirgöng við Hafnaveg	08
08-022 Vestfjarðavegur (60), Kjálkafjörður - Vatnsfjörður	08
08-021 Vestfjarðavegur (60), Gufudalssveit	08
08-042 Breikkun Hringvegur (1) á Norðvestursvæði 2008-2009, 1. áfangi	08
08-036 Suðurstrandarvegur (427), Ísólfsskáli - Krísuvíkurvegur	08
08-051 Keflavíkurvegur (424), Reykjanesbraut - Njarðarbraut	08
08-018 Snæfellsnesvegur (54) um Fróðarheiði	08
08-016 Hringvegur (1) um Blönduós	08
08-046 Vetrarþjónusta Norðvestursvæði, Bíldudalur - Brjánslækur 2008-2011	08
08-012 Norðausturvegur (85), Bunguflói - Vopnafjörður	08
08-011 Kísilvegur (87) á Hólasandi	08
08-010 Hringvegur (1), Valtýskambur - Sandbrekka	08
08-009 Hófaskarðsleið, Raufarhafnartenging	08
08-008 Hringvegur (1), breikkun í Öxnadal	08
08-005 Hringvegur (1), Litla Sandfell - Haugaá	08
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Krísuvíkurvegur - Þorlákshafnarvegur	08
07-039 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	08
07-040 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	08
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	08
07-012 Skagavegur (745) um Króksbjarg	08

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
08-072 Örnólfsdalsá hengibrú, stálmíði	02.06.06	18.06.08
08-075 Girðingar í Hornafirði 2008	02.06.06	18.06.08
08-074 Vallarvegur (262), Fljótshlíðarvegur - Kotvöllur	02.06.06	18.06.08
08-007 Illugastaðavegur (833), slitlagsendi - Illugastaðir	02.06.06	18.06.08
08-031 Fjallabaksleið nyrðri (F208) Sprengisandsleið - Sigalda	26.05.08	10.06.08
08-071 Girðingar á Suðursvæði	19.05.08	03.06.08
08-040 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008, malbik á Akureyri	19.05.08	03.06.08
08-059 Arnarnesvegur (411), Reykjanesbraut - Fífuhvammsvegur, hönnun	13.05.08	18.06.08
08-070 Hringvegur (1), Skarhólabraut - Hafravatsvegur, hönnun	13.05.08	18.06.08
08-063 Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð	14.04.08	12.06.08
Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
08-006 Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur - Sandur	13.05.08	27.05.08
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Þingvallavegur - Laugarvatnsvegur	07.04.08	20.05.08
08-056 Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit	07.04.08	20.05.08
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07.04.08	20.05.08
08-029 Efnisvinnsla Suðursvæði 2008	28.04.08	13.05.08
08-035 Festun og yfirlögn á Suðursvæði og Suðvestursvæði 2008	28.04.08	13.05.08
08-030 Yfirlagnir Suðursvæði 2008, malbik	28.04.08	13.05.08
08-002 Hörgárdalsvegur (815), Björg - Skriða, 1. áfangi	28.04.08	13.05.08
08-069 Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið, Fremri-Háls - Sævarland	21.04.08	06.05.08
08-019 Vestfjarðavegur (60) um Tunguá	14.04.08	29.04.08
08-064 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Vífilsstaðaveg, eftirlit	14.04.08	29.04.08
08-067 Meðallandssvegur (204), sunnan Fossa	14.04.08	29.04.08
08-050 Grassláttur á Suðvestursvæði 2008-2010	07.04.08	22.04.08
08-047 Vetrarþjónusta Suðvestursvæði 2008-2013	07.04.08	22.04.08
08-003 Knarrarbergsvegur (8490), Veigastaðavegur - Leifsstaðavegur	31.03.08	15.04.08
08-038 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, austurhluti, klæðing	31.03.08	15.04.08
07-086 Strandavegur (643), Geirmundarstaðavegur - Hálsgrata	31.03.08	15.04.08
08-037 Efnisvinnsla Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti	17.03.08	01.04.08

Samningum lokið	Opnað:	Samið:
08-039 Yfirlagnir Norðaustursvæði 2008-2009, norðurhluti, klæðing <i>Malarvinnslan hf.</i>	06.05.08	26.05.08
08-004 Dagverðareyryrvegur (816), Hringvegur - Helluland <i>GV gröfur ehf.</i>	01.04.08	26.05.08
08-049 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, malbik <i>Loftorka Reykjavík ehf.</i>	22.04.08	23.05.08
08-048 Yfirlagnir Suðvestursvæði 2008, „repave“ <i>Loftorka Reykjavík ehf.</i>	22.04.08	23.05.08

Niðurstöður útboða

Efnisvinnsla

á Suðursvæði 2008 08-029

Tilboð opnuð 13. maí 2008. Vinnsla steinefna á Suðursvæði árið 2008. Niðurstöður voru birtar í 14. tbl. Á opnunarfundi var lesin upp tala fyrir áætlaðan verktakakostnað sem reyndist vera rangt reiknuð. Rétt tala er 197.240.000 kr.

Lyngdalsheiðarvegur (365), eftirlit 08-056

Tilboð opnuð 20. maí 2008. Eftirlit með gerð Lyngdalsheiðarvegur (365) milli Laugarvatns og Pingvalla. Verkið felst í gerð nýs Lyngdalsheiðarvegur (365) á milli Pingvallavegar og Laugarvatnsvegur. Lengd útboðskafans er um 15 km. Einnig á að gera um 1,7 km langa veltengingu frá Lyngdalsheiðarvegi að núverandi Gjábakkavegi. Á mótum Lyngdalsheiðarvegur og Laugarvatnsvegur skal gera hringtorg, á mótum Lyngdalsheiðarvegur og Pingvallavegar skal gera T-gatnamót og á Lyngdalsheiðarvegi skal gera tvo áningarstaði. Val bjóðanda fer fram á grundvelli hæfnivals og verðs og ber bjóðanda að leggja fram tilboð sitt í tveimur hlutum, þ.e. upplýsingar um hæfni bjóðanda og verðtilboð. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 15. október 2010. Tilboðum var skilað 20. maí 2008 og var þá lesið upp hverjir skiluðu inn tilboðum. Síðari opnunarfundur var þriðjudaginn 27. maí 2008 kl. 14:15 þar sem lesnar voru upp einkunnir bjóðenda í hæfnimati og verðtilboð opnuð. Útboðið er einnig auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu.

Bjóðandi *)	Hæfnimat	Tilboð (kr.)
Áætlaður verktakakostnaður		25.921.000
Almenna verkfræðistofan, Reykjavík	39	Verðtilboð ekki opnað
Línuhönnun, verkfræðisstofa, Reykjavík	42	30.800.000
VSÓ Ráðgjöf ehf. Reykjavík	42	20.000.000
VST Rafteikning	37	Verðtilboð ekki opnað

*) stafrófsröð

Borgarfjarðarvegur (94), Lagarfossvegur – Sandur 08-006

Tilboð opnuð 27. maí 2008. Endurbuygging á um 4,6 km löngum kafla Borgarfjarðarvegur (94), frá Lagarfossvegi að Sandi í Hjaltaastaðapinghá.

Helstu magntölur eru:

Bergskering	1.600 m ³
Fylling og fláafleygar	13.700 m ³
Næðra burðarlag	18.200 m ³
Efra burðarlag	4.900 m ³
Stálröraræsi	86 m
Tvöföld klæðing	29.500 m ²

Verki skal að fullu lokið fyrir 15. október 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
1 P.S. Verktakar ehf., Egilsstöðum	79.047.340	130,2	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	60.700.000	100,0	-18.347

Auglýsingar útboða

Girðingar í Hornafirði 2008 08-075

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í gerð nýrra girðinga og endurbætur og viðhald á núverandi girðingum í Hornafirði.

Helstu magntölur:

Netgirðingar	18.300 m
Rafmagnsgirðingar	250 m
Viðhald og endurbætur netgirðinga	28.500 m
Viðhald og endurbætur rafmagnsgirðinga	2.500 m
Girðingarhlið	10 stk.
Prílur	5 stk.

Verki skal að fullu lokið 1. október 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Búðareyri 11-13 á Reyðarfirði og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 2. júní 2008. Verð útboðsgagna er 2.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl 14:00 miðvikudaginn 18. júní 2008 og verða þau opnuð þar kl 14:15 þann dag.

Landeyjahöfn, hafnar- og vegagerð 08-063

Breyting á opnun tilboða

Vegna óska frá væntanlegum bjóðendum í verkið Landeyjahöfn hafnar- og vegagerð hafa Siglingastofnun og Vegagerðin ákveðið að fresta opnun tilboða um eina viku.

Skil á tilboðum og opnun tilboða verða því eftirfarandi:

Tilboðum skal skila til Siglingastofnunar Vesturvör 2, Kópavogi fyrir kl 11:00 fimmtudaginn 12. júní 2008 og verða tilboðin

opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.





Nýleg mynd af hengibrúnni á Örnólfsdalsá. Mynd: Einar Hafliðason.

Vegagerðin varðveitir elstu hengibrú landsins

Yfir Örnólfsdalsá í Borgarfirði stendur enn hengibrú sem var byggð árið 1899 og er því elsta uppistandandi hengibrú landsins. Hún hefur lítið viðhald fengið en nýtur þess að þjóðleiðin norður í land færðist frá henni. Því var snemma

lítil umferð yfir hana og loks lá enginn vegur að henni. Í stað þess að vegfarendur færu um Dragháls upp úr Hvalfirði var þjóðvegurinn lagður vestan við Hafnarfjall.

Svípaðar brýr voru byggðar á þessum árum á fimm öðrum stöðum, yfir Ölfusá, Þjórsá, Jökulsá í Óxarfirði, Sogið og Hörgá.

Nú hefur verið ákveðið að varðveita brúna í þessari mynd fyrir minjasafn Vegagerðarinnar og þarf að endurnýja hana að miklu leyti í því skyni. Hér á síðunni er auglýst útboð á stálsmíði vegna brúarinnar.

Brúin er 33 m löng. Stálið í brúna var smíðað í Kaupmannahöfn.



Tölvugerð mynd af hengibrúnni eins og hún mun líta út eftir endurgerð. Mynd: Guðrún Þóra Garðarsdóttir.

Auglýsingar útboða

Örnólfsdalsá, hengibrú

- stálsmíði 08-072

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurgerð á hengibrúnni yfir Örnólfsdalsá í Borgarfirði. Um er að ræða elstu uppistandandi hengibrú landsins. Smíða á alla hluti brúarinnar að frátöldum söðli fyrir kapla og kaplana sjálfa.

Helstu magntölur eru:

Stálsmíði 8,8 tonn

Heitgalvanhúðun 243 m²

Verki skal að fullu lokið 21. nóvember 2008.

Útboðsgögn verða seld hjá Vegagerðinni Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og mánudeginum 2. júní 2008. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sama stað fyrir kl. 14.15 miðvikudaginn 18. júní 2008 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.

Bráðabirgðaákvæði um verðbætur í útboðum Vegagerðarinnar

Vegna þeirra miklu hækkana sem orðið hafa á olíuverði og verðþróunar það sem af er árinu 2008 hefur Vegagerðin ákveðið að tímabundið verði öll jarðvinnu- og byggingarverk verðbætt eftir sömu reglum og hafa gilt fyrir verk sem unnin hafa verið á lengri tíma en 12 mánuðum, þ.e.a.s. breytingar á vísitölum umfram 3% á ári (0,24663% á mánuði).

Ákvörðunin gildir fyrir öll útboðsverk sem opnuð verða eftir 3. júní 2008. Grunnvísitölur þeirra verka skulu vera vísitölur reiknaðar í útboðsmánuði og gilda fyrir mánuðinn á eftir.

Í verkum þar sem verktaki á að útvega asphalt skal það verðbætt sérstaklega í samræmi við gildandi leiðbeiningar og reglur um gerð útboðslýsinga.

Sama á við um almenningssamgöngurnar:

Vegna þeirra miklu hækkana sem orðið hafa á olíuverði og verðþróunar það sem af er árinu 2008 hefur Vegagerðin ákveðið að verðbæta tímabundið alla þjónustusamninga sína í almenningssamgöngum, þ.á m. vegna sérleyfisaksturs, reksturs ferja og styrkts áætunarflugs.

Þjónustusamningar til lengri tíma sem reiknaðar hafa verið verðbætur á einu sinni á ári verða verðbættir mánaðarlega frá 1. mars 2008 til ársloka.

Nýir þjónustusamningar til lengri tíma skulu verðbættir í samræmi við ákvæði í útboðsgögnum en ofangreint bráðabirgðaákvæði mun gilda um þá þar til ákvörðun þessi hefur verið endurskoðuð.

Ákvörðun þessi gildir út árið 2008 og verður endurskoðuð fyrir árslok.

Svipuð leið var farin árið 2001 af sömu ástæðum.